

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 15. janúar 2021
UST202012-238/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag – Hafnarsvæði – Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins Ölfus er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna deiliskipulagsbreytingar á hafnarsvæðinu í Þorlákshöfn.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að Suðurvarabryggju er snúið um og hún breikkuð, lóðirnar Hafnarskeið 24 og Óseyrarbraut 30 sameinaðar lóðinni Hafnarskeið 22, Hafnarskeið 22 stækkar úr 3.971 m² í 15.200 m², lóðin Nesbraut 1 minnkar úr 25.605 m² í 23270 m². Deiliskipulagsmörk færast vegna breytinganna.

Landfylling

Í greinargerð kemur ekki fram samanlagt svæði sem fer undir landfyllingu, en Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni stærð á nýrri landfyllingu. Auk þess kemur fram að áætluð efnisþörf landfyllingar um 400.000 m³ og kemur efnið frá þremur stöðum.

Miðað við framkvæmdalýsinguna verður um opna landfyllingu að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið, þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Mat á umhverfisáhrifum


Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 2.01 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m³ eða meira falla undir A flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur